

Ed. 391. Frumvarp til laga [227. mál]

um breyting á lögum nr. 25 21. apríl 1965, um útgáfu og notkun nafnskirteina.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

1. málsgr. 1. gr. laganna orðist svo:

Hagstofa Íslands fyrir hönd Þjóðskrárinnar gefur út nafnskirteini til allra einstaklinga, sem skráðir eru hér á landi, þó ekki fyrr en á því almanaksári, er þeir fylla 14 ára aldur.

2. gr.

4. málsgr. 1. gr. laganna falli niður.

3. gr.

Í stað orðanna „nafnúmer Þjóðskrár“ í 2. málsgr. 2. gr. komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár.

4. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Hverjum lögreglustjóra er heimilt að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskirteini einstaklinga á aldursbilinu 18—23 ár skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur, nema lagt sé fram sérstaklega útgefið skirteini með öðrum lit en er á almennu nafnskirteini. Heimild þessi er bundin við notkun nafnskirteinis í sambandi við opinber fyrirmæli um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða fyrir komu eða dvöl á stað.

Hagstofan gefur út nafnskirteini með sérstökum lit til einstaklinga í umdæmum, þar sem lögreglustjóri hefur ákveðið að nota heimild þá, er um ræðir í 2. málsg. Greiða skal fyrir útgáfu slíks skirteinis samkvæmt gjaldskrá, er Hagstofan setur.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Aðalákvæði frumvarps þessa eru í 1. og 4. gr. þess. Breytingar þær, sem þar eru ráðgerðar, voru meðal annars bornar undir eftirtalda aðila, sem allir töldu þær vera til bóta: Lögreglustjóraembættið í Reykjavík, formenn Barnaverndarráðs Íslands og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur, æskulýðsfulltrúa ríkisins og formann og framkvæmdastjóra Æskulýðsráðs Reykjavíkur. — Það skal tekið fram, að vandi sá, sem stefnt er að að leysa með ákvæðum 1. og 4. gr. frv., er fyrst og fremst fyrir hendi á Reykjavíkursvæðinu. — Breytingar þær, sem felast í 2. og 3. gr. frv. eru annars eðlis og skipta minna máli, en eru látnar fljóta með nú, þegar borið er fram frv. til breytinga á lögum um nafnskirteini.

Á þeim tæpa áratug, sem liðinn er síðan nafnskirteini voru tekin upp, hafa verið gerðar ýmsar lagfæringar á kerfinu eins og það var í upphafi. T. d. var með reglugerð nr. 18/1967 öll endurútgáfa skirteina flutt til Hagstofunnar, eftir að komið hafði í ljós, að óhagkvæmt var að láta marga aðila annast þetta verkefni. Í þessari reglugerð og í nýjum starfsfyrirmælum, sem voru gefin út jafnframt, voru gerðar ýmsar aðrar breytingar, sem taldar voru horfa til bóta. Með þessu og öðrum síðari lagfæringum var reynt að hamla gegn ýmislegu misferli í sambandi við nafnskirteini. Hér hefur aðallega verið um að ræða fölsun fæðingarárs eða annarrar áritunar á skirteini, myndaskipti, og tilraunir til að svikja út nýtt skirteini með eigin mynd, en á nafni annars eldri einstaklings. Á síðastliðnu sumri var tekin upp plashúðun á öllum nýútgefnum og endurútgefnum skirteinum, og á hún sér stað áður en þau eru látin af hendi. Um leið voru settar nýjar og mjög strangar reglur um tilhögun á endurútgáfu skirteina. Ástæða er til að ætla, að með þessum síðustu lagfæringum sé alveg tekið fyrir möguleika á fölsun og öðru misferli í sambandi við endurútgefin skirteini og nýútgefin skirteini framvegis.

Lagfæringar á nafnskirteinakerfinu hafa fram að þessu getað átt sér stað, án þess að breyta þyrfti gildandi lögum um það. En til enn frekari lagfæringa, sem taldar eru nauðsynlegar, þarf lagabreytingu, og er frv. þetta borið fram í því skyni, sbr. 1. og 4. gr. þess.

Í samræmi við ákvæði í gildandi lögum um nafnskirteini eru þau gefin út til barna á því ári, er þau verða 12 ára, en í 1. gr. frv. er lagt til, að þetta aldursmark verði fært upp um 2 ár. Samkvæmt því mundu unglingar framvegis fá nafnskirteini á hausti þess árs, er þeir verða 14 ára, þ. e. er þeir flestir hefja nám í 2. bekk gagnfræðastigs. Aðalrök fyrir þessari breytingu eru þau, að mynd sett á skirteini 12 ára unglings og orðin úrelt og haldlítill við 15—16 ára aldur, sem er mikilvægt aldursmark í sambandi við löggæslu, en mynd sett á skirteini 14 ára unglings dugar fram á þennan aldur. Þar eð frumafhending nafnskirteina og setning myndar á þau verður að fylgjast að í umdæmum, þar sem myndskylda er í sambandi við skirteini, er hér

aðeins um tvær leiðir að velja: annað hvort að færa aldursmarkið upp eins og hér er lagt til, eða að skipta um mynd á skirteinum, þ. e. endurnýja öll skirteini við 15—16 ára aldur, að minnsta kosti á Reykjavíkursvæði. Síðari kosturinn er óhagkvæmur vegna mikils tilkostnaðar, bæði fyrir hið opinbera og almenning, og auk þess yrði hér um að ræða mjög umfangsmikla og varasama framkvæmd. Leið sú, sem hér er gerð tillaga um, virðist fela í sér hagkvæma lausn á þessum vanda, enda töldu lögregluþyrirvöld, skólastjórar og fleiri aðilar, sem Hagstofan bar mál þetta undir, það litlu skipta, að hætt væri að gefa út nafnskirteini til 12 og 13 ára barna. Hér má og geta þess, að mikið er um það, að börn á þessum aldri týni nafnskirteini sínu eða glati því á annan hátt. Bendir þetta til þess, að börn undir fermingaráldri séu fullung til að veita viðtöku gagni af þessu tagi.

Ákvæði 1. gr. miða að því, að upphafleg nafnskirteini hvers árgangs séu með nothæfri mynd til 15—16 ára aldurs, en þar fyrir ofan er erfiðasta aldursbilið í sambandi við framkvæmd ákvæða um, að tiltekinn aldur sé skilyrði fyrir viðskiptum eða komu eða dvöl á stað. Miklu skiptir, eins og áður segir, að komast hjá þeim örðugleikum og fjárútlátum, sem fylgja almennum endurnýjun nafnskirteina til þess að setja á þau nýja mynd. Ákvæði 4. gr. frv. miða að því að leysa þennan vanda: Þar eð fyrir liggur, að stór hluti ungmenna fær ökuskirteini við 17—18 ára aldur, og á því er alltaf ný mynd, liggur það beint við, að ökuskirteini sé almennt notað sem sönnunargagn um aldur í sambandi við aðgang að skemmtistöðum og öðru, sem hér er um að ræða. Þessu er óbeint komið í kring með því ákvæði 4. gr., að hverjum lögreglustjóra er heimilað að ákveða fyrir sitt umdæmi, að nafnskirteini einstaklinga 18—23 ára skuli ekki vera gilt sönnunargagn um aldur á tilteknum sviðum, nema framvísað sé sérstaklega útgefnu skirteini með öðrum lit en er á almennu nafnskirteini. Samkvæmt þessu mundu yfirleitt þeir einir á þessu aldursbili, sem ekki hafa fengið ökuskirteini — og ekki heldur hafa gilt vegabréf útgefið af lögreglustjóra — óska eftir að fá útgefið litað nafnskirteini, og þá því aðeins að þeir þyrftu á því að halda til þess sérstöku nota. Hins vegar mundu allir á hinu tiltekna aldursbili geta fengið litað nafnskirteini, ef þeir greiða tilskilið gjald fyrir það og vilja leggja á sig þá fyrirhöfn, sem fylgir endurútgáfu skirteinis, enda mundi ekki mega slaka neitt á þeim öryggiskröfum, sem nú orðið eru gerðar í þessu sambandi. — Almenn nafnskirteini yrði að sjálfstöðu notað áfram til alls annars en þess, sem sérstaklega er undanskilið samkvæmt 4. gr.

Ef heimild sú, er um ræðir í 4. gr., yrði notuð í minnst einu lögregluumdæmi, mundu í raun öll endurútgefin nafnskirteini til einstaklinga á hinu tiltekna aldurs skeiði vera með öðrum lit en er á almennu nafnskirteini. — Aldursbilið, sem útgáfa sérstaks nafnskirteinis er bundin við — 18—23 ár — er ákveðið með hliðsjón af því, að fyrst þegar komið er upp fyrir þennan aldur mun yfirleitt vera orðið óþarft að láta menn sanna aldur sinn við aðgang að vinveitingarstöðum og við kaup á áfengi.

Aðstæður að því er varðar notkun nafnskirteinis í þágu löggæslu eru mjög mismunandi í hinum ýmsu lögsagnarumdæmum, og því er í 4. gr. aðeins um að ræða heimildarákvæði til handa lögreglustjórum.

Í 2. gr. frv. er lagt til, að 4. málgr. 1. gr. nafnskirteinalaga falli niður. Í þeirri málgr. er ákveðið, að nafnskirteini árituð í skýrsluvélum skuli ekki vera með undirskrift hagstofustarfsmanns. Komið hefur í ljós við notkun nafnskirteina erlendis — en hún hefur farið vaxandi — að betra er, að á þeim sé undirskrift, og því er ráðgert, að framvegis verði undirskrift hagstofustarfsmanns á öllum nafnskirteinum.

Í 2. málgr. 2. gr. nafnskirteinalaga er heimild til að ákveða með reglugerð, að menn skuli sýna nafnskirteini í skiptum sínum við opinbera aðila, sem nota „nafnúmer Þjóðskrár“ í umsýslu sinni. Lagt er til, að í stað þessa orðalags komi: auðkennisnúmer Þjóðskrár. Tekur þá þessi heimild einnig til hins svo nefnda fæðingarnúmers Þjóðskrár, sem er að fá aukna þýðingu sem auðkennisnúmer einstaklinga.